



LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ  
Directorate of Health

Alþingi  
Erindi nr. P 139/2886  
komudagur 6.6.2011

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 6. júní 2011  
2011030285/0.1.2/ABA/eg

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um norræna hollustumerkið Skráargatið. Mál nr. 508, þskj. 831 á 139. löggjafarþingi 2010–2011.**

Lýðheilsustöð fékk málið ekki sent til umsagnar á sínum tíma en Landlæknir svarði með bréfi dagsettu 25. mars 2011. Undirrituðum finnst mikilvægt að koma eftirfarandi sjónarmiðum á framfæri sem viðbót við fyrra svar Landlæknisembættisins.

Landlæknisembættið (áður Lýðheilsustöð) styður tillöguna um að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra beiti sér fyrir því að unnt verði að taka upp norræna hollustumerkið Skráargatið á matvörur sem framleiddar eru hérlendis.

Landlæknisembættið, sem meðal annars hefur því hlutverki að gegna að stuðla að bættu mataræði þjóðarinnar, hefur frá upphafi stutt það að Ísland taki upp samnorrænt hollustumerki, skráargatið, og verði með í frekari þróun á þessu merki. Markmiðið með hollustumerki eins og skráargatinu er að við innkaup geti neytendur á skjótan hátt valið hollar matvörur. Kröfur til matvæla, sem fá merkið, byggjast á viðurkenndum atriðum er snerta samhengi næringar og heilsu. Neytendur geta þá treyst því að vara sem ber hollustumerkið sé hollari en aðrar vörur í sama flokki sem ekki mega bera merkið. Auk þess að vera upplýsandi fyrir neytendur hvetur slíkt merki matvælafyrirtæki til að þróa hollari vörur. Til þess að hollustumerkið skili árangri þarf samstöðu hagsmunaaðila, þ.e. neytenda, verslunar, iðnaðar og stjórnvalda. Ennfremur er mikilvægt að merkið verði kynnt vel við innleiðingu.

Áhugi og umræða um upptöku hollustumerkis hér á landi hefur staðið í nokkur ár. Kannanir hafa sýnt að landsmenn eru jákvæðir í garð hollustumerkja, enda skiptir það neytendur verulegu máli, þar sem það auðveldar þeim holla valið, og hvetur iðnaðinn til þróunar á hollari vörum. Slíkt merki gerir innlendum framleiðendum hollra matvara kleift að merkja þær með þessu merki, en merkingin er valfrjáls svo framarlega sem varan uppfyllir ákveðin skilyrði. Nú þegar eru fluttar inn vörur til landsins sem bera þetta merki og því ætti það að vera réttlætismál innlendra framleiðenda hollra vara að eiga möguleika á að setja slíkt merki á sínar vörur.

Landlæknisembættið (áður Lýðheilsustöð) styður því að hollustumerkið verði tekið upp á Íslandi.

*Hólmfríður Þorgeirsdóttir*  
Hólmfríður Þorgeirsdóttir  
Verkefnisstjóri næringar

*Elva Gísladóttir*  
Elva Gísladóttir  
Verkefnisstjóri næringar